

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2012

2012/EES/63/07

frá 13. júlí 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/38/EB frá 17. maí 2006 um breytingu á tilskipun 1999/62/EB um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 18a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32006 L 0038:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/38/EB frá 17. maí 2006 (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 8).“

2. Ákvæði aðlögunarliðarins breytist sem hér segir:

- i) Texti aðlögunarliðar d) hljóði svo:

„d) Eftirfarandi bætist við í lok mgr. 4b í 7. gr.:

„a) Að því er varðar fyrirkomulag vegtolla á samevrópska vegakerfinu í suðaustanverðum Noregi sem þegar er til staðar daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽²⁾ öðlast gildi, skal beiting afsláttar eða lægri vegtolla gagnvart þeim sem nota vegina mikið samrýmast ákvæðum mgr. 4b í 7. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 31. desember 2014.

b) Beita má núgildandi afsláttarkjöllum eða lægri vegtollum gagnvart þeim sem nota vegina mikið á fyrirkomulag vegtolla á samevrópska vegakerfinu annars staðar í Noregi sem þegar er til staðar daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 öðlast gildi, að því tilskildu að hlutfall alþjóðlegra þungavöruflutninga á viðkomandi grunnvirkjakerfi sé lægra en 30%.

Að því er varðar fyrirkomulag vegtolla sem komið er á eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012, má afsláttur eða lækkun vegtolls til þeirra sem nota vegina mikið vera meiri en það hámark sem sett er í mgr. 4b í 7. gr. þessar tilskipunar, að því tilskildu að:

- hlutur alþjóðlegra þungavöruflutninga á viðkomandi grunnvirkiskerfi sé ekki meiri en 5%,
- umfang slíks afsláttar eða lækkaðs verð sé réttlætt á grundvelli sérstakra aðstæðna, einkum þegar viðkomandi grunnvirkjakerfi samanstendur af brúm og/eða jarðgöngum sem koma í stað ferjusínglinga.“““

- ii) Texti aðlögunarliðar e) falli brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/38/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.